

Fundur haldinn miðvikudaginn 26. apríl 2023 kl. 19.00 í Verkmenntaskólanum á Akureyri

Dagskrá:

1. Setning fundar

Formaður, Aðalbjörg Bragadóttir, býður konur velkomnar til fundar. Hún fer með stutt inngangsorð og þakkar fyrir boðið í VMA.

2. Kveikt á kertum

Aðalbjörg býður Ernu Gunnarsdóttur að kveikja á kertunum. Erna býður konur velkomnar í VMA. Aðalbjörg ber kveðjur fjarstaddra kvenna.

3. Orð til umhugsunar

Lilja Sæmundsdóttir fer með stutta hugvekju/orð til umhugsunar. Hún segir konum sanna sögu um tímabil á unglingsárum við Breiðafjörð þar sem hún var í sveit ásamt vinkonu sinni. Þetta var skondin saga um umönnun þeirra vinkvenna á Svartsfugls- og Krúeggjum og fékk sagan/frásögnin birtingu á sínum tíma í Morgunblaðinu.

Að hugvekju lokinni er Margréti Kristínu boðið að taka við fundarstjórn og fer hún yfir dagskrána.

4. Fundargerð síðasta fundar lesin

SRJ les síðustu fundargerð sem var frá 13. mars sl.

5. Erindi frá stjórn

Formaður segir frá umræðu Landssambandsþing, Finnlandsferð í sumar og vorferð deildarinnar.

Ekki hefur farið fram umræðu um fjölda félagskvenna frá Betadeild á Landsambandsþingið. Enn er rætt um slæma tímasetningu sem þurfi að breyta. Aðalbjörg spyr hvort einhver hafi bókað sig á þingið og er aðeins ein félagskona sem hefur skráð sig, Aníta Jónsdóttir.

Dagana 26.-29. júlí er Finnlandsferðin og hefur Eygló Björnsdóttir þegar bókað sig. Rætt er að ágætis mæting sé frá Reykjavík, Alfadeild.

Vorferðin – formaður hrósar afmælisnefnd fyrir góð störf. Reiknað er með að hefja ferðina kl. 17.00. Elín Magnúsdóttir tekur við og fer yfir tímasetningar og ræðir að hópurnar hittist á ákveðnum stað og raði sér í bíla. Farið verður að Brúnum í Eyjafjarðarsveit þar sem verður fundað og borðað. Áætlað er að fundur hefjist kl. 17.30. Heiðursgesti er boðið í mat. Fyrst verða almenn fundarstörf svo verður gesturinn heiðraður og að því loknu er tónlistaratriði. Rætt er nánar um skipulagið og hvetur formaður konur til að mæta á lokafundinn og hafa gaman.

6. Önnur mál

„Rauði kassinn“ – Aníta Jónsdóttir kemur með rauðan kassa sem hún hefur haft í fórum sínum um hríð. Hún lýkur kassanum upp og þar gætir ýmissa grasa, m.a. eldri fundargerðarbækur og útprentaðar fundargerðir sem koma þarf skikki á. Ýmislegt

5. fundur Betadeildar starfsveturinn 2022- 2023

annað er að finna í kassanum góða. Fram kemur að frá árinu 2007 hafi fundargerðir verið sett á drif sem hægt er að nálgast frá vefsíðu deildarinnar. Aníta afhendir Aðalbjörgu formanni kassann. Rætt er um varðveislu á vef, um skjalalög o.fl. Einnig er rætt um „stóru“ töskuna sem fylgir formanni og að minnka megí umfangið á þessum hlutum. Rætt er að fara yfir þetta dót og sameina úr kassanum og ferðatöskunni. Rætt er að tvær til þrjár konur geti farið yfir þetta. Í framhaldinu er rætt um sögu Betadeildar og bent á að gaman væri að taka söguna saman.

Lagabreytingar – Eygló Björnsdóttir ræði að lagabreytingar séu komnar á vefinn en farið verður yfir þær á þinginu í maí. Líklega verða þær lagabreytingar samþykktar. Um er að ræða lagabreytingar að utan sem Ísland þarf að aðlagast. Fram kemur að búið er að fella niður inntökugjald. Nýjar konur greiða hálf árgjald eða heilt eftir því hvenær þær koma inn á árinu. Eygló er búin að setja þetta allt inn á Landssambandsvefinn. Um er að ræða talsvert flækjustig og því gott að kynna sér málið.

Fundardagar á starfsvetri – Jóhanna S. Þorsteinsdóttir ræðir að bera fundardaga starfsvetrar undir félagskonur áður en dagskráin er samþykkt. Bent er á að kanna dagatalið vel s.s. vetrarfrí, helgidaga og slíkt. Umræður verða og er ákveðið að stjórn skoði þetta þegar dagskránni er raðað niður næsta haust. Einnig er rætt um reynslu fyrir stjórnarstörf o.fl.

Undirbúningsnefnd – eftir umræður um önnur mál kynnir fundarstjóri, Margrét Kristín, undirbúningsnefndina en auk hennar eru það Lilja Sæmundsdóttir, Aníta Jónsdóttir og Erna Gunnarsdóttir. Einnig er Jónína Hauksdóttir í nefndinni en hún er fjarverandi þennan fund. Undirbúningsnefnd fer yfir veitingarnar og býður konum til veislunnar.

7. Veitingar og happdrætti

Í kaffihléi er dregið í happdrætti og eftir fjóra drætti fékk Hildur Hauksdóttir vinninginn.

8. Erindi frá gesti

Aníta Jónsdóttir heldur erindi. Fram kemur að Anítu fannst hún standa í þakkarskuld við DKG og vildi því segja frá því sem hún gerði fyrir styrkinn sem hún fékk til að sækja námskeið í Austin í Texas um leiðtogafærni og hins vegar vildi hún einnig segja frá meistaraverefni sínu sem hún fékk einnig styrk til að klára. Aníta ræðir um að ögra sjálfri sér, hún vildi sigrast á alls konar ótta, bæði perónulega og faglega. Hún sótti um og fékk svar árið 2020 en ekkert varð af námskeiðinu það árið vegna Covid. Hún lýsir aðdragandanum og að takast á við alls konar. Námskeiðið var loks haldið 26. júní til 3. júlí 2022. Það voru 20 fulltrúar frá fimm löndum sem fengu styrk. Markmið samtakanna er persónulegur þroski. Aníta byrjar á að fara yfir styrkjaúthlutunina og bendir jafnframt á að Cornetet styrkurinn sé góður til að sækja ráðstefnur.

Um var að ræða leiðtogafærninámskeið, það þurfti að skila inn skriflegri umsók og segja frá sjálfum sér á hljóðskrá, þannig voru umsækjendur metnir. Dagskráin var spennandi og framandi og það var mjög krefjandi tímaáætlun, allir dagar voru frá kl. 7.15 til 21.00. Aníta ræddi það sem stóð upp úr en það var aðstaðan, kennarar, fjölbreytnin og lærdómurinn. Það voru skýr markmið. Hún fer nánar yfir kennara sem stóðu upp úr á

5. fundur Betadeildar starfsveturinn 2022- 2023

námskeiðinu. Aníta sýnir myndir frá námskeiðinu og borginni á meðan hún segir frá. Hún ræðir að það hafi margt komið á óvart en þetta hafi verið stórkostleg reynsla þrátt fyrir langa og oft krefjandi daga.

Að lokinni yfirferð um námskeiðið í Austin segir Aníta stuttlega frá meistaraþrófsritgerð sinni. Hún fer yfir niðurstöður en ritgerðin fjallaði um foreldrafræðslu á Íslandi og föðurhlutverkið. Heiti ritgerðar: „Svo er maður ekki einn í þessu“: Þörf á foreldrafræðslu og stuðningi í uppeldishlutverkinu: sjónarhorn feðra 13-16 ára unglinga. Hún segir frá rannsóknarspurningum en í rannsókninni var notuð eigindleg aðferðafræði og byggði gagnasöfnunin á hálf-opnum einstaklingsviðtölum við átta feður. Aníta segir sóknarfærin mörg varðandi umfjöllunarefnið.

9. Fundarslit

Margrét gefur formanni orðið. Aðalbjörg ræðir það sem er framundan en skilaboð munu jafnframt koma í tölvupósti til félagskvenna þegar nær dregur. Þá ræðir hún að starfið muni byrja með krafti í haust og þá verði farið í haustferð.

Ernu er boðið að slökkva á kertunum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið/SRJ